DV

Laugardagur 5. ágúst

SJÓNVARPIÐ

14.00 **Íþróttaþátturinn** – frjálsar íþróttir. Fyrri hluti þáttarins er helgaður frjálsum íþróttum en þá er bein útsending frá Evrópumóti landsliða í Gateshead í Englandi en í síðari hluta eru svipmyndir frá íþróttaviðburðum vikunnar og fjallað um Íslandsmótið í knattspyrnu.

18.00 **Dvergaríkið (7)** (La Llamada de los Gnomos). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.

18.25 **Bangsi bestaskinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Árnason.

18.50 **Táknmálsfréttir.**

18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.

19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.

20.20 **Magni mús.** (Mighty Mouse). Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Gauti Kristmannsson.

20.35 **Lottó.** framhald.

20.40 **Réttan á röngunni.** Gestaþraut í sjónvarpssal. Í þessum þætti verður íslenskt hálendi í brennidepli og þeir sem keppa eru fulltrúar frá Árvakri og KR. Umsjón Elísabet B. Þórisdóttir. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.

21.05 **Fólkið í landinu** – Laugi í Laugabúð. Umsjón Sigrún Stefánsdóttir.

21.30 **Gullöld gamanleikaranna** (When Comedy Was King). Syrpa sígildra atriða úr gamanmyndum frá tímum þöglu myndanna. Meðal leikenda eru Charlie Chaplin, Buster Keaton, Stan Laurel, Oliver Hardy, Ben Turpin, Fatty Arbuckle, Wallace Beery, Mabel Normand og Gloria Swanson. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.

22.50 **Andspyrna í Assisi** (The Assisi Underground) – fyrri hluti. Bandarísk sjónvarpsmynd. Leikstjóri Alexander Ramati. Aðalhlutverk Ben Cross, Maximilian Schell, James Mason, Irene Papas og Karl-Heinz Hackl. Myndin gerist á tímum heimsstyrjaldarinnar síðari í ítölsku borginni Assisi. Neðanjarðarhreyfing undir forystu klerksins Rufino bjargar hundruðum gyðinga undan stormsveitum Hitlers. Þýðandi Gauti Kristmannsson. Síðari hluti myndarinnar er á dagskrá sunnudaginn 6. ágúst.

0.30 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

STÖÐ-2

9.00 **Með Beggu frænku.** Halló krakkar! Nú ætla ég að vera með ykkur og svo gerum við eitthvað skemmtilegt og óvænt því það finnst mér svo gaman. Við gleymum að sjálfsögðu ekki teiknimyndunum og horfum á Óskaskóginn, Lúlla tígrisdýr, Olla og félaga, Snorkana og Maju býflugu. Myndirnar eru allar með íslensku tali.

10.35 **Jógi.** Teiknimynd.

10.55 **Hinir umbreyttu.** Teiknimynd.

11.20 **Fjölskyldusögur.** Leikin barna- og unglingamynd.

12.10 **Ljáðu mér eyra...** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt.

12.40 **Lagt í'ann.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnu sunnudagskvöldi.

13.20 **Hefnd busanna.** Revenge of the Nerds. Sprenghlægileg unglingamynd sem segir frá fimm drengjum og uppátektarsemi þeirra í skólanum. Aðalhlutverk: Anthony Edwards, Robert Carradine og Curtis Armstrong.

14.50 **Ástarorð.** Terms of Endearment. Fimmföld óskarsverðlaunamynd með meiru. Jack Nicholson á hér frábæra spretti sem drabbarinn í næsta húsi við mæðgurnar tvær. Aðalhlutverk: Shirley McLaine, Jack Nicholson, Debra Winger og Danny De Vito.

17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason sjá um tveggja tíma fjölbreyttan íþróttaþátt þar sem meðal annars verður sýnt frá ítölsku knattspyrnunni og innlendum íþróttaviðburðum.

19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni.

20.00 **Líf í tuskunum.** Rags to Riches. Það er ekki tekið út með sitjandi sældinni að verða fimm stúlkna faðir á einum degi. Diana verður óskaplega ástfangin en Nick Foley er ekki jafnhrifinn af valinu. Aðalhlutverk Joseph Bologna, Bridget Michele, Kimiko Gelman, Heidi Zeigler, Blanca DeGarr og Tisha Campbell.

20.55 **O'Hara.** Litli, snarpi lögregluþjónninn og gæðablóðin hans koma mönnum í hendur réttvísinnar þrátt fyrir sérstakar aðfarir. Aðalhlutverk: Pat Morita, Kevin Conroy, Jack Wallace, Catherine Keener og Richard Yniguez.

21.45 **Heimiliserjur.** Home Fires. Framhaldsmynd í tveimur hlutum. Fyrri hluti. Á yfirborðinu er Ash fjölskyldan eins og hver önnur miðstéttarfjölskylda. Hjónin Charlie og Cath eiga saman fjögurra ára son og börn hans tvö á unglingsaldri frá fyrra hjónabandi eru einnig hluti af heimilisfólkinu. Fjölskyldan er samhent en oft vill þó slá í brýnu vegna tilfinningalegra erfiðleika einstaklinganna. Seinni hluti verður sýndur sunnudaginn 6. ágúst. Aðalhlutverk: Guy Boyd, Amy Steel, Max Perlich og Juliette Lewis.

23.40 **Herskyldan.** Nam, Tour of Duty. Spennuþáttaröð um herflokk í Víetnam. Aðalhlutverk: Terence Knox, Stephen Caffrey, Joshua Maurer og Ramon Franco.

0.30 **Olíuborpallurinn.** Oceans of Fire. Spennumynd um nokkra fanga sem láta sér fátt fyrir brjósti brenna. Þeir hafa tekið að sér djúpsjávarköfun vegna olíuborunar og oft er æði tvísýnt hvort þeir koma aftur til baka úr þessum lífshættulegu leiðöngrum. Aðalhlutverk: Lyle Alzado, Tony Burton, Ray'Boom-Boom'Manchini, Ken Norton, Cynthia Sykes og David Carradine. Bönnuð börnum.

Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Gunnar Kristjánsson flytur.

7.00 **Fréttir.**

7.03 **Góðan dag, góðir hlustendur.** Pétur Pétursson sér um þáttinn.

9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.

9.05 **Litli barnatíminn á laugardegi:** Laxabörnin eftir R.N. Stewart. Þýðing: Eyjólfur Eyjólfsson. Lesari: Irpa Sjöfn Gestsdóttir. Hrafnhildur veiðikló segir okkur líka frá veiðistönginni sinni. Umsjón: Gunnvör Braga Sigurðardóttir.

9.20 **Sígildir morguntónar** – Offenbach, Spohr, Puccini og Debussy.

9.35 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Útvarps og Sjónvarps.

9.45 **Innlent fréttayfirlit vikunnar.**

10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.

10.10 **Veðurfregnir.**

10.30 **Fólkið í Þingholtunum.** Fjölskyldumynd eftir Ingibjörgu Hjartardóttur og Sigrúnu Óskarsdóttur. Flytjendur: Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, Flosi Ólafsson, Halldór Björnsson og Þórdís Arnljótsdóttir. Stjórnandi: Jónas Jónasson.

11.00 **Tilkynningar.**

11.05 **Í liðinni viku.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson.

12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.

12.20 **Hádegisfréttir.**

12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.

13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin. Tilkynningar.

13.30 **Á þjóðvegi eitt.** Sumarþáttur með fróðlegu ívafi. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir og Ómar Valdimarsson.

15.00 **Þetta vil ég heyra.** Leikmaður velur tónlist að sínu skapi.

16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.

16.15 **Veðurfregnir.**

16.20 **Leikrit mánaðarins: Þess bera menn sár** eftir Jorge Diaz. Þýðandi: Ingibjörg Haraldsdóttir. Leikstjóri: Brynja Benediktsdóttir. Leikendur: Sigurður Skúlason, Helga Jónsdóttir og Árni Örnólfsson. (Einnig útvarpað annan sunnudag.)

17.35 **Concierto de Aranjuez eftir Joaquín Rodrigo.** Pepe Romero leikur á gítar með St. Martin-in-the-Fields hljómsveitinni, Barry Davis leikur með á enskt horn; Neville Marriner stjórnar.

18.00 **Af lífi og sál** – Seglbrettasiglingar. Erla B. Skúladóttir ræðir við Birgi Ómarsson og Þórmund Bergsson um sameiginlegt áhugamál þeirra. Tónlist. Tilkynningar.

18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.

19.00 **Kvöldfréttir.**

19.30 **Tilkynningar.**

19.32 **Ábætir** – Milhaud, Stravinsky og Bozza. Scaramouche-svítan eftir Darius Milhaud. Vitya Vronsky og Victor Babin leika á tvö píanó. Íbenholtskonsertinn eftir Igor Stravinsky. Hollenska blásarasveitin leikur; Edo de Waart stjórnar. Andante og Scherzo eftir Eugene Bozza. Rijnmond saxófónkvartettinn leikur.

20.00 **Sagan:** Örn rennur æskublóð eftir Guðjón Sveinsson. Pétur Már Halldórsson les (9.)

20.30 **Vísur og þjóðlög.**

21.00 **Slegið á léttari strengi.** Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti gestum, að þessu sinni Þresti Rafnssyni frá Neskaupstað. (Frá Egilsstöðum)

21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Kristinn Hallsson syngur lög eftir Ingunni Bjarnadóttur, Hallgrímur Helgason leikur með á píanó. Sigrún Valgerður Gestsdóttir, sópran, syngur við pianóundirleik Hrefnu Eggertsdóttur

22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.

22.15 **Veðurfregnir.**

22.20 **Dansað með harmoníkuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarpshúsinu. (Áður útvarpað sl. vetur.) Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.

23.00 **Dansað í dögginni.** – Sigríður Guðnadóttir. (Frá Akureyri)

24.00 **Fréttir.**

00.10 **Svolitið af og um tónlist undir svefninn.** Jón Örn Marinósson kynnir.

01.00 **Veðurfregnir.**

01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

RÁS 2 FM 90,1

8.10 **Á nýjum degi** með Pétri Grétarssyni.

10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarps og Sjónvarps.

12.20 **Hádegisfréttir.**

12.45 **Kæru landsmenn.** Berglind Björk Jónasdóttir og Ingólfur Margeirsson.

17.00 **Fyrirmyndarfólk** lítur inn hjá Lísu Pálsdóttur, að þessu sinni Tómas Tómasson tónlistarmaður.

19.00 **Kvöldfréttir.**

19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.

20.30 **Kvöldtónar.**

22.07 **Sibyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í grænjurnar. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)

00.10 **Út á lífið.** Skúli Helgason ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.

02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

02.00 **Fréttir.**

02.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Þórð Hafliðason sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á Rás 1.)

03.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.

04.30 **Veðurfregnir.**

04.35 **Næturnótur.**

05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**

05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.

06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**

06.01 **Úr gömlum belgjum.**

07.00 **Morgunpopp.**

07.30 **Fréttir á ensku.**

Bylgjan 98,9

9.00 **Pétur Steinn Guðmundsson.** Pétur segir hlustendum hvernig best sé að grilla pylsur.

13.00 **Opin dagskrá.** Allt dagskrárgerðarfólk Bylgjunnar á vakt og hefur samband við útisamkomur.

18.00 **Áframhaldandi upplýsingaflæði.** Tónlist og fleira.

24.00 **Hafþór Freyr** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6". Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveðjur og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.

3.00 **Næturdagskrá.**

Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson. Fjör við fóninn.** Hress en þægileg tónlist í morgunsárið.

13.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** tekur völdin á laugardegi með miklum látum. Upplýsingamiðstöð alla helgina á Stjörnunni. Bibba á klukkutíma fresti.

19.00 **Kristófer Helgason.** Stuðtónlist frá öllum tímum.

24.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson.** Næturvakt sem getur fengið Heklu til að gjósa á ný. Óskalög og kveðjur.

á næturvaktina, næturvakt sem segir „6". Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveðjur og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.

Rót ÚTVARP FM 106,8

10.00 **Miðbæjarsveifla.** Rótin kannar mannlífið í miðbæ Reykjavíkur og leikur fjölbreytta tónlist að vanda.

15.00 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil. Að þessu sinni eru það vandamál dreifbýlisins.

17.00 **Dýpið.**

18.00 **Upp og ofan.** Halldór Carlsson sér um þáttinn.

19.00 **Flogið stjórnlaust.** Darri Ásbjarnarson stjórnar ferðinni.

20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjón Árna Freys og Inga.

21.00 **Sibyljan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.

23.30 **Rótardraugar.**

24.00 **Næturvakt.**

ERO

7.00 **Felix Bergsson.**

12.00 **Steinunn Halldórs.**

15.00 **Á laugardegi.** Stefán Baxter og Nökkvi Svavarsson.

18.00 **Kiddi Bigfoot. „Partí – ball."**

22.00 **Sigurður Ragnarsson.**

3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

SKY CHANNEL

5.00 **Poppþáttur.**

6.00 **Gríniðjan.** Barnaþættir.

10.00 **Íþróttaþáttur.**

11.00 **Fjölbragðaglíma.**

12.00 **Whispering Smith Hits London.** Kvikmynd.

14.00 **Veröld Franks Bough.** Heimildarmyndaflokkur.

15.00 **50 vinsælustu lögin.**

16.00 **Lítil kraftaverk.** Gamanþáttur.

16.30 **The Bionic Woman.** Spennumyndaflokkur.

17.30 **Those Amazing Animals.**

18.30 The Love Boat. Gamanmyndaflokkur.

19.30 **Between Heaven and Hell.** Kvikmynd.

21.30 **Fjölbragðaglíma.**

22.30 **Poppþáttur.**

SKY MOVIES

13.00 **Superseal.**

14.30 **George and the Star.**

15.00 **Flight og Dragons.**

17.00 **Chariots of Fire.**

19.00 **The Seven Year Itch.**

21.00 **At Close Range.**

23.00 **Lifeforce.**

00.45 **The Hitchhiker.**

01.20 **The Beast with a Million Eyes.**

03.00 **Chariots of Fire.**

EUROSPORT

9.30 **Golf.** Swedish Open.

10.30 **Hafnaboltí.** Hafnaboltí. Leikir úr amerísku deildinni.

11.30 **Kajakakeppni.**

12.30 **Blak.**

13.30 **Golf kvenna.**

14.30 **Rugby.** Spennandi keppni úr áströlsku deildinni.

15.30 **Íþróttakynning Eurosport.**

16.00 **Golf.** Swedish Open.

17.00 **Trans World Sport.** Íþróttafréttir viðs vegar að.

18.00 **Rugby.** Nýja Sjáland gegn Ástralíu.

19.00 **Hestaíþróttir.**

20.00 **Golf.** Swedish Open.

22.00 **Rugby.** Nýja Sjáland gegn Ástralíu.

SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**

9.00 **Tónlist og tíska.**

10.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.

10.30 **Tónlist og tíska.**

11.00 **Hollywood Insider.**

11.30 **Tónlist og tíska.**

12.00 **Flame Trees of Thika.**

13.00 **Carry on Laughing and the Goodies.**

14.00 **Wanted Dead or Alive.** Vestri.

14.30 **Tónlist og tíska.**

15.00 **Dick Turpin.** Ævintýramynd.

15.30 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.

16.30 **Íþróttir.**

17.30 **Tískuþáttur.**

18.00 **Life with Father.** Kvikmynd.

20.00 **Taggart.**

20.55 **Roving Report.** Fréttaskýringaþáttur.

21.30 **Curse of the Cat People.** Kvikmynd.

Útvarp Rót kl. 15:

Af vettvangi baráttunnar

Þátturinn Af vettvangi baráttunnar er á dagskrá Útvarp Rótar á laugardögum. Þar er fjallað um gömul og ný baráttumál.

Í þættinum í dag verður m.a. fjallað um fyrirhugaða för fimm þúsund norrænna ungmenna til Sovétríkjanna síðar í þessum mánuði. Í för verður álitlegur hópur ungs fólks frá Íslandi.

Sovétfararnir tilvonandi efndu nýlega til uppákomu á Hótel Borg og í dag verða fluttar upptökur frá þeim mannfagnaði. Þar komu fram tónlistarmenn, skáld og fleiri. Í þættinum verður einnig viðtal við einn þátttakanda um markmið ferðarinnar sem m.a. mun vera að „rífa niður járntjaldið", eins og einhver hefur komist að orði.

Ferðalag ungmennanna hefur hlotið heitið „Sovét, næsta biðstöð". Án efa fróðlegt.

Sjónvarp kl. 22.50:

Andspyrna í Assisi



Rufino munkur leikur Gestapomenn grátt með hjálp sinni við gyðinga á flótta.

Sjónvarpið sýnir í kvöld fyrri hluta myndar sem hefur hlotið heitið Andspyrna í Assisi. Segir þar frá neðanjarðarhreyfingu borgarinnar sem háði hetjulega baráttu við þýska nasista í heimsstyrjöldinni síðari, hreyfingu þar sem ólíkum trúar- og stjórnmálaskoðunum var vikið til hliðar um stundarsakir.

Leiðtogi neðanjarðarhreyfingarinnar er fransiskusarmunkurinn padre Rufino. Nicolini biskup af Assisi felur honum í fyrstu að koma nokkrum gyðingum undan en munkurinn ráðagóði sér þarna kjörið tækifæri til að hjálpa fleirum að flýja undan ógnarstjórn þýsku böðlanna. Til að hrinda ætlunarverki sínu í framkvæmd notar munkurinn allar kirkjur og klaustur í borginni.

En Gestapomenn komast á snoðir um munksins leynistigu og þrákelkni von Veldens höfuðsmanns stofnar öllu í bráða hættu.

Aðalhlutverk myndar þessarar eru leikin af Ben Cross, Maximilian Schell, James Mason, Irene Papas og Karl-Heinz Hackl. Leikstjóri er Alexander Ramati.

Síðari hluti myndarinnar verður svo sýndur á sunnudagskvöld.

Rás 1 kl. 16.20:

Leikrit mánaðarins, Þess bera menn sár

Leikrit mánaðarins kemur frá Spáni og heitir Þess bera menn sár og er eftir Jorge Diaz.

Aðalpersónur leiksins eru Ana og Theo, hjón um fertugt sem búa í Madrid ásamt syni sínum, Kike. Þau eru af '68 kynslóðinni og voru eldheitir byltingarsinnar þegar fundum þeirra bar fyrst saman. Þau dreymdi um frjálst og réttlátt þjóðfélag og þegar Franco féll frá virtist draumurinn í þann veginn að rætast. En veruleikinn hefur reynst grimmari og í lífsgæðakapphlaupi og framapoti verður ástin úti.

Leikendur eru Sigurður Skúlason, Helga Jónsdóttir og Árni Örnólfsson. Leikstjóri er Brynja Benediktsdóttir.

Sjónvarp kl. 21.30:

Gullöld gamanleikaranna

Gömlu gamanleikararnir skemmta okkur í Sjónvarpinu í kvöld.

Gömlu góðu gamanleikararnir ætla að skemmta landsmönnum stundarkorn í Sjónvarpinu í kvöld. Sýnd verða atriði úr myndum þögla tímans.

Fyrstur fram á sjónarsviðið er Mack Sennet sem m.a. afrekaði það að uppgötva Charlie Chaplin. Chaplin kemur fram í nokkrum ógleymanlegum atriðum en honum tókst betur en öðrum mönnum að gera raunir hvunndagsmannsins skoplegar.

Vinir Chaplins eru Mabel Normand og Fatty Arbuckle, einir fyrstu elskendur hvíta tjaldsins. Aðrir sem fram koma eru Harry Langdon, sakleysið uppmálað, og Buster Keaton, maðurinn með freðhausinn, svo einhverjir séu nefndir.